

## Tillaga til þingsályktunar

um sérgreiningu landshluta sem vettvang rannsókna, kennslu og atvinnuþróunar.

Flm.: Ólina Þorvarðardóttir, Birgitta Jónsdóttir, Jónína Rós Guðmundsdóttir,  
Oddný G. Harðardóttir, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að beita sér fyrir því að rannsókna-, mennta- og atvinnuþróunartækifæri einstakra landshluta verði skilgreind í ljósi sérstöðu og sérhæfingar á hverjum stað. Skilgreiningin verði höfð til hliðsjónar við ákvarðanir um fjárfamlög og stuðning við fyrirtæki og stofnanir í viðkomandi landshlutum. Þetta verði gert í tengslum við þá heildarstefnumótun sem boðuð hefur verið af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytis í málefnum háskóla landsins og sem liður í því að:

- marka hverjum landshluta sérstöðu í rannsóknum og kennslu, og
- leggja grunn að uppbyggingu og verkaskiptingu á sviði rannsókna og háskólakennslu á landsvísu.

### Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi, sem var einnig flutt á 139. löggjafarþingi en varð ekki útrædd, lýtur að stefnumörkun háskólastarfs í landinu annars vegar og markvissum stuðningi og stefnu fyrir atvinnulíf á landsbyggðinni hins vegar. Í upphafi þessa kjörtímabils boðaði mennta- og menningarmálaráðherra heildarendurskoðun á málefnum háskólanna. Slík endurskoðun kallar á skýrari stefnumótun en verið hefur þar sem umsvif háskólastarfsemi í landinu hafa aukist ört undanfarin ár. Við móton mennta- og rannsóknastefnu háskólastigsins er mikilvægt að horfa til sérstöðu háskólasvæðanna og nýta sem best þá krafta og þær stofnanir sem fyrir eru í hverjum landshluta.

Þegar taka þarf ákvarðanir í atvinnumálum er einnig mikilvægt að líta til nýsköpunar- og þróunarmöguleika í samstarfi atvinnufyrirtækja og háskólaumhverfisins.

Víða um land hefur nú þegar þróast háskóla- og rannsóknaumhverfi með háskólastetrum, rannsókna- og fræðasetrum, fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum, útibúum rannsóknastofnana o.fl.

Nú, þegar til umræðu er að skerpa stefnumótun íslenska háskólastigsins, liggar beinast við að byggja á þeim grunni sem fyrir er. Þannig væri t.d. eðlilegast að miða rannsókna- og fræðastarf á Vestfjörðum við málefni hafssins og strandsvæða almennt. Slík skilgreining mundi efla rannsóknastofnanir á Vestfjörðum og þau atvinnufyrirtæki sem nú þegar sinna rannsóknum og þróunarstarfi. Á sama hátt mætti hugsa sér að rannsókna- og fræðastarf á Norðurlandi miðaðist við möguleika í ferðaþjónustu, fiskeldi og búnaðarfræðum í tengslum við háskólana á Hólum og Akureyri, rannsóknastofnanir á svæðinu o.fl.

Þingsályktunartillagan er í góðu samræmi við áður fram komna stefnumótun sveitarfélaga og atvinnulífs, sóknaráætlanir og byggðaáætlanir.

Í nágrannalöndum okkar er að finna dæmi þess hvernig öflugar háskóla- og rannsóknastofnanir hafa orðið til á grundvelli skilgreiningar sérstöðu af því tagi sem hér er lögð til. Má til dæmis nefna háskólann í Tromsö, sem hefur skilgreint sig á alþjóðavísu sem miðstöð rannsókna og kennslu í málefnum haf- og strandsvæða á norðurslóð, m.a. varðandi lífríki sjávar, veiðar, vistkerfi, loftslag, vatna- og sjávarlífarræði, lífsskilyrði sjávardýra, fæðuval og fæðuframboð, auðlindastjórnun og umhverfishagfræði, svo nokkuð sé nefnt.